

Fréttapistill frá forseta Íslands

21. september 2020

Þriðja bylgja farsóttarinnar er brostin á. Í síðustu viku snarfjölgaði smitum á nýjan leik. Nú sem aldrei fyrr er brýnt að hver og einn hugi að sóttvörnum. Munum að þvo okkur vel um hendur, leitumst við að halda nægri fjarlægð á milli fólks og fylgjum öðrum tilmælum yfirvalda. Bestu sóttvarnirnar byrja hjá okkur sjálfum. Í vor sýndum við hvað í okkur býr, að við getum staðið saman þegar á reynir, okkur sjálfum og samfélaginu öllu til heilla. Við skulum reyna að halda okkar daglega lífi í venjulegum skorðum eftir því sem tók eru á, sækja mannamót eins og heimilt er. Verum samt varkár og tókum tillit til annarra.

Nú um helgina dundi brim við strönd á mínum heimaslóðum. Sums staðar á höfuðborgarsvæðinu skemmdust varnargarðar og göngustígar nærri þeim. Hér á Álftanesi var máttur brimöldunnar það mikill að heljarinnar björg færðust til eins og sjá má á mynd að neðan sem ég tók í morgunskokki daginn eftir. Á annarri mynd ætti að öllu jöfnu að sjást í notalegan stíg en hann er þar hulinn þangi og þara.

Annars hóf ég störf í nýliðinni viku með því að sækja hátíð á vegum Íþróttafélags Reykjavíkur. Mánudaginn 14. september fögnuðu ÍR-ingar hálfra aldar afmæli knattspyrnudeildar sinnar og blésu til veislu í nýju knatthúsi á félagssvæði þeirra við Mjódd í Reykjavík. Gaman var að fylgjast með hressum krökkum þar við æfingar og leik. Ég gat þess í síðasta vikupistli að helgina á undan var ég á Egilsstöðum þar sem nýtt fimleikahús var vígt formlega. Mikið er gaman að verða vitni að uppbyggingu íþróttamannavirkja af þessu tagi, allra brýnast þó að vekja sem víðast athygli á mikilvægi lýðheilsu fyrir unga sem aldna. Undir þann hatt fellur geðheilsa að sjálfsögðu en það er einmitt sannað að hreyfing eflir sálarheill.

Þriðjudaginn 15. september tók ég á móti nýjum sendiherra Evrópusambandsins, Lucie Samcová-Hall Allen, sem afhenti trúnaðarbréf sitt á Bessastöðum. Við ræddum meðal annars um farsóttina og lýsti sendiherrann því mati víða ytra að vel hefði tekist til í veiruvörnum hér á landi. Við töluðum einnig saman um samstarf Íslands og aðildarríkja ESB á sviði mennta og menningar og við nýtingu jarðhita víða í Evrópu. Sendiherrann lofaði einnig aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Loks ræddum við um lýðræðisþróun á alþjóðavettvangi, horfur í þeim efnum nær og fjær og möguleika Evrópusambandsins til að hafa þar áhrif til góðs.

Morguninn eftir fékk ég góðan gest í heimsókn á Bessastaði. Anna Steinsen, tómstunda- og félagsmálafræðingur, kom þá færandi hendi með barnabókina Ofurhetjur í einn dag sem hún samdi og gaf út nýverið. Allur ágóði af sölu hennar rennur til UN Women á Íslandi. Í bókinni er fjallað um mikilvægi vináttu og samkenndar, þrautseigju og þess að hafa trú á sjálfum sér.

Síðdegis gekk á með ausandi vatnsveðri á þessu vindasama nesi. Við létum það ekki á okkur fá, hópur fólks sem kom saman og ýtti af stað landsátaki til útbreiðslu birkiskóga. Við örkuðum úr Bessastaðastofu að litlum lundi undan kirkjunni hér og

tíndum fræ af birkitrjám þar. Fyrir hópnum fórum við Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra. Skógræktin og Landgræðslan standa að áttakinu ásamt samstarfsaðilum og má finna nánari upplýsingar um verkefnið á vefnum www.birkiskogur.is. Birkiskógar græða landið og binda kolefni þannig að áttak af þessu tagi er þakkarvert á marga vegu.

Fimmtudaginn 17. september bauð ég Huldu Emilsdóttur hingað til Bessastaða. Hún var ritari Sveins Björnssonar, fyrsta forseta lýðveldisins, á skrifstofu hans sem þá var í Alþingishúsinu við Austurvöll. Hulda sagði mér ýmislegt fróðlegt af starfsháttum í árdaga forsetaembættisins.

Þennan dag horfði ég einnig til framtíðar, flutti ávarp á merkri ráðstefnu Ungmennafélags Íslands og Ungmennaráðs þess. Þar var fjallað um ungt fólk og lýðræði og var greinilegt að ráðstefnugestir vilja láta gott af sér leiða í þeim efnum. Í máli mínu nefndi ég meðal annars mikilvægi þess að ungt fólk léti rödd sína heyrast, mótaði sér skoðanir og stæði fast á sannfæringu sinni en kynni um leið þá list að hlusta á ólík sjónarmið og sætta sig við málamiðlanir og áfangasigra. Öflugt lýðræði hvílir á þessum meginstöðum.

Á laugardaginn var sótti ég málþing um Wilhelm Beckmann í Borgum, safnaðarheimili Kópavogskirkju. Þar var fagnað útgáfu bókar um þennan listamann sem fékk hér hæli í aðdraganda seinni heimsstyrjaldar eftir flóttu frá Þýskalandi, fæðingarlandi sínu. Beckmann bjó lengst af í Kópavogi og sinnti list sinni og handverki til dánardags árið 1965. Frekari upplýsingar um hann má finna á heimasíðu Stofnunar Wilhelms Beckmanns, www.beckmann.is. Styrkir á vegum Stofnunarinnar voru einnig veittir við þetta tilefni. Þá hlutu Fritz Hendrik og Rannveig Jónsdóttir og óska ég þeim til hamingju með þann verðskuldaða heiður.

Síðar þennan laugardag lá leiðin austur fyrir fjall. Í Listasafni Árnesinga í Hveragerði opnaði ég listsýninguna Norðrið. Þar sýna sex listamenn frá Íslandi, Svíþjóð og Finnlandi verk sín sem tengjast norðurslóðum og umhverfisbreytingum með einhverjum hætti. Daría Sól Andrews er sýningarstjóri. Sýningin verður opin fram að jólum og er hér að neðan mynd sem sýnir eitt verk þar, jökulset frá rótum Sólheimajökuls sem skreppur saman við hlýnun jarðar.

Í nýrri viku berast uggvænlegar fregnir af fjölgun veirusmita með öllu sem því fylgir, fjölda fólks í sóttkví og alls kyns raski í samfélaginu. Í ýmsum skólum og víðar er grímuskylda nú við lýði. Nú er líka beðið um sérhæft lið í bakvarðasveitir rétt eins og í vor. Þá sýndum við þann samtakamátt sem reyndist svo vel. Enn vinna stjórnvöld framár öllu að því að sinna frumskyldu sinni, að tryggja líf og heilsu landsmanna. Ég leyfi mér að endurtaka að saman getum við öll orðið að liði með því að huga að eigin sóttvörnum.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar. Sem fyrr má finna nánari upplýsingar um störf embættisins frá degi til dags á heimasíðunni www.forseti.is.